

Fundargerð

Fimmtudagurinn 19. ágúst 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 378 samþykkt.

2. Bréf til Árborgar

Lögð voru fram drög að bréfi til Árborgar varðandi ársreikning 2020 og fjárhagsáætlun 2021, þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum á ákveðnum atriðum.

Jafnframt var ákveðið að senda bréf til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins varðandi arðgreiðslu frá vatnsveitunni til A-hluta. Samkvæmt bréfi sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sendi þann 13. nóvember 2019 til allra sveitarfélaga þá er óheimilt að greiða arð úr rekstri vatnsveitu. Nefndinni þótti því rétt að upplýsa ráðuneytið um arðgreiðsluna.

3. Ársreikningar 2020 – yfirlit

Lagt fyrir yfirlit um niðurstöður ársreikninga árið 2020. Eftir yfirferð og umræðu nefndarinnar var ákveðið að skoða sérstaklega þau sveitarfélög sem voru með neikvæða framlegð í A-hluta á árinu 2020. GAG var falið að skipta umræddum sveitarfélögum milli nefndarmanna til nánari skoðunar.

4. Verkefnaskjal

Frestað til næsta fundar

5. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 9. september nk.